

## AUGLÝSING

### um deiliskipulagsbreytingu á flugþjónustusvæði Keflavíkurflugvallar.

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar samþykkti þann 16. maí 2014 breytingu á deiliskipulagi flugþjónustusvæðis Keflavíkurflugvallar - deiliskipulagssvæði D.

Breytingin nær yfir lóðina Fálkavöll 27 og felur í sér afmörkun á 85 m<sup>2</sup> byggingarreit fyrir útigeymslu. Innan byggingarreits er heimilt að reisa kalda geymslu á einni hæð. Gólfkóti aðkomuhæðar skal vera í samræmi við gólfkóta á steypu skýli sem til staðar er á byggingarreit. Hámarks-hæð geymslu er 4,4 metrar yfir gólfkóta aðkomuhæðar.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð í samræmi við ákvæði 2. mgr. 43. gr. og 2. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

*F.h. skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar, 20. maí 2014,*

**Sveinn Valdimarsson** skipulagsfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 4. júní 2014